REGLUR

um breytingu á reglum nr. 189/1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

1. gr.

9.2. mgr. 9. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Björgunarflekar skulu skoðaðir a.m.k. einu sinni á ári á sérstökum þjónustustöðvum er hlotið hafa leyfi Samgöngustofu til að annast eftirlit og viðhald björgunarfleka. Samgöngustofu er þó heimilt að lengja skoðunartímabil í allt að 30 mánuði fyrir björgunarfleka sem hafa stýrishjólsmerkingu í samræmi við reglugerð um skipsbúnað, nr. 989/2016, og:

a. sýnt er fram á að viðhaldi sama öryggistigi í samræmi við prófunaraðferðirnar í dreifibréfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC.1/Circ. 1328,

b. eru skoðaðir af starfsmönnum, sem hlotið hafa viðurkenningu framleiðanda björgunarfleka, eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti og

c. eru merktir og skráðir sem björgunarflekar sem hafa heimild til lengri skoðunartíðni.

2. gr.

9.3. mgr. og 9.4. mgr. 9. gr. reglnanna falla brott.

3. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild 2. mgr. 24. gr. skipalaga nr. 66/2021, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 2. nóvember 2026.

Eyjólfur Ármannsson.

Ingilín Kristmannsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 17. nóvember 2026